

## 90. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar miðvikudaginn 17. mars 2010, kl. 16:00.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

---

### Dagskrá:

1. Fundargerðir:
    - a) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 26. febrúar 2010
    - b) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 4. mars 2010
    - c) Fjölbrotarskóla Norðurlands vestra frá 23. febrúar 2010
  2. Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga frá 15. febrúar 2010
  3. Byggðasafnið á Reykjum
  4. Bréf frá Umhverfissráðuneytinu frá 2. mars 2010
  5. Erindi frá Náttúrustofu Norðurlands vestra frá 8. febrúar 2010
  6. Bréf frá Vilko ehf.
  7. Trúnaðarmál
  8. Bréf frá VÍS frá 23. febrúar 2010
  9. Erindi frá Leikfélagi Blönduóss
  10. Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga
  11. Íþróttamiðstöðin á Blönduósi
  12. Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu frá 2. mars 2010
  13. Samningur við Golfklúbbinn Ós
  14. Atvinnumál
  15. Önnur mál
- 

### Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:
  - a) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 26. febrúar 2010  
*Lögð fram til kynningar*
  - b) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 4. mars 2010  
*Lögð fram til kynningar*
  - c) Fjölbrotarskóla Norðurlands vestra frá 23. febrúar 2010  
*Lögð fram til kynningar*
2. Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga frá 15. febrúar 2010  
*Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. 2010 verður haldinn föstudaginn 26. mars 2010 kl. 15:00.*  
  
*Bæjarstjóri mætir á fundinn.*
3. Byggðasafnið á Reykjum  
*Í fundargerð BS. um menningu- og atvinnumál frá 20. janúar sl. var bókað að fela framkvæmdastjóra að skrifa bréf til sveitarstjórna A-Hún og óska eftir samþykki þeirra að færa málefni Byggðasafnsins á Reykjum undir byggðasamlagið.*

Bæjarstjóri sem er jafnframt framkvæmdastjóri byggðasamlagsins fór yfir efnisatriði málsins.

Bæjarráð vísar til 43. gr. samþykktar BS. um menningu- og atvinnumál að stjórn byggðasamlagsins skipi fulltrúa í stjórn byggðasafnsins á Reykjum. Hlutverk byggðasamlagsins er skýrt samkvæmt samþykktum. Bæjarráð sér því ekki ástæðu til að breyta núverandi fyrirkomulagi.

**4. Bréf frá Umhverfissráðuneytinu frá 2. mars 2010**

Dagur umhverfisins er haldinn 25. apríl ár hvert en þann dag árið 1762 fæddist Sveinn Pálsson, fyrsti íslenski náttúrufræðingurinn. Erindi bréfsins er að hvetja félög, skóla og sveitarfélög að taka virkan þátt í degi umhverfisins.

Bæjarráð vísar bréfinu til fræðslunefndar.

**5. Erindi frá Náttúrustofu Norðurlands vestra frá 8. febrúar 2010**

Þann 10. apríl n.k. munu Náttúrustofa Norðurlands vestra og Selasetur Íslands á Hvammstanga standa fyrir fræðsludegi um húnvetnska náttúru.

Óskað er eftir styrkuppþæð kr. 50.000

Bæjarráð samþykkir kr. 50.000.

**6. Bréf frá Vilko ehf.**

Aðalfundur Vilko ehf. 2010 verður haldinn miðvikudaginn 24. mars kl. 15:00 í Starfsmannahúsi SAH Afurða ehf.

Bæjarráð sækir fundinn og Valdimar Guðmannsson fer með atkvæði Blönduósbæjar.

**7. Trúnaðarmál**

Færð í trúnaðarbók

**8. Bréf frá VÍS frá 23. febrúar 2010**

Tilkynnt að VÍS hafi farið yfir gögn máls er varðar sig í húsi í Brautarhvammi. Farið hefur verið yfir gögn málsins og hefur félagið komist að þeirri niðurstöðu að Blönduósbær hafi ekki sýnt af sér saknæma háttsemi eða með öðrum hætti bakað sér bótaábyrgð að lögum á tjóninu. VÍS hafnar bótaskyldu í málinu.

Lagt fram til kynningar.

**9. Erindi frá Leikfélagi Blönduóss**

Leikfélag Blönduóss óskar eftir styrk fyrir starfsárið 2010 að upphæð kr. 350.000

Bæjarráð samþykkir erindið og vísar því til endurskoðunar fjárhagsáætlunar 2010.

**10. Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga**

Bæjarstjóri fór yfir framlög ársins frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Framlög ársins liggja þó ekki endanlega fyrir fyrr en í nóvember 2010.

Í fjárhagsáætlun Blönduósbæjar fyrir árið 2010 er gert ráð fyrir kr. 135.377.000. Í áætlunum framlögum Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2010 er gert ráð fyrir kr.

132.861.463. Gera má ráð fyrir að fólkfækkunarframlag fyrir árið 2010 verði hærra en fjárhagsáætlun Blönduósbæjar segir til um.

#### **11. Íþróttamiðstöðin á Blönduósi**

Lagt fram til kynningar bréf frá skólastjóra og umsjónarmanni íþróttamiðstöðvar varðandi fjölda starfsmanna í íþróttamiðstöð.

Jafnframt er óskað eftir að hafa íþróttamiðstöðina opna frá 10-14 á laugardögum vegna aukins áhuga almennings.

Bæjarráð samþykkir breytingar á opnunartíma.

#### **12. Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu frá 2. mars 2010**

Blönduósbæ hefur borist stjórnarsýslukæra Guðmundar Ágústssonar hrl. f.h. Kráks ehf. þar sem kærð er sú ákvörðun Blönduósbæjar að hafna tilboði Kráks ehf. í 2. áfanga sundlaugarbyggingar á Blönduósi og ákveða þess í stað að fela tæknideild bæjarins að framkvæma verkið með aðstoð verktaka á svæðinu. Telur félagið að bæjarstjórnin hafi með þessari ákvörðun farið út fyrir verksvið sitt og að ómálaefnleg sjónarmið hafi ráðið ákvörðun bæjarins.

Lagt fram til kynningar.

#### **13. Samningur við Golfklúbbinn Ós**

Samningur við Golfklúbbinn ÓSS lagður fram.

Bæjarráð samþykkir samninginn og felur bæjarstjóra að undirrita samninginn.

#### **14. Atvinnumál**

Sveinn Óskar Sigurðsson mætti á fundinn og gerði grein fyrir stöðu gagnavers á Blönduósi.

#### **15. Önnur mál**

Önnur mál voru engin.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 20:00.

Arnar Þór Sævarsson (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)